



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Forsætisnefnd
Sendandi: Hilmar Hildar Magnússon, alþjóðafulltrúi

Endurskoðun á stefnu Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum

Minnisblað þetta er tekið saman að beiðni forseta borgarstjórnar í aðdraganda að endurskoðun stefnu Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum haustið 2018. Í minnisblaðinu er stiklað á stóru í þróun málaflokksins undanfarin misseri og ár og hún skoðuð í ljósi hnattrænnar þróunar og breytinga á hlutverki og stöðu borga í alþjóðasamfélaginu. Minnisblaðinu er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Vaxandi alþjóðasamskipti á tímum sístækkandi borga
2. Aukin umsvif Reykjavíkurborgar í ljósi hnattrænnar þróunar
3. Staðan könnuð árið 2016
4. Samráðsvettvangur um alþjóðamál 2017
5. Endurskoðun á stefnu Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum

1. Vaxandi alþjóðasamskipti á tímum sístækkandi borga

Samkvæmt tölum Sameinuðu þjóðanna frá maí 2018 búa 55% íbúa heimsins í borgum eða öðru þéttbýli.¹ Þetta hlutfall hefur vaxið úr um 30% árið 1950 og er áætlað að verði komið í 68% árið 2050. Alþjóðabankinn telur í dag að yfir 80% af vergri landsframleiðslu (GDP) í heiminum verði til í borgum og bendir á að þéttbýlisþróun geti stuðlað að sjálfbærum vexti, svo fremi að rétt sé haldið á málum með aukinni framleiðni og með því að laða fram nýjar hugmyndir og nýsköpun. Hins vegar er bent á að eflingu þéttbýlis fylgi einnig stórar áskoranir, s.s. aukin eftirspurn eftir húsnæði á viðráðanlegu verði, vaxandi þörf á vel tengdum samgöngukerfum og öðrum innviðum, meiri eftirspurn eftir ýmissi grunnþjónustu, sem og þörf á störfum. Þá gegni borgir stóru hlutverki í baráttunni við loftslagsbreytingar enda noti þær yfir 2/3 hluta af framboðinni orku heimsins og séu ábyrgar fyrir yfir 70% af losun gróðurhúsalofttegunda.² Eins má nefna áskoranir er varða fólksflutninga, lýðheilsu og jafnan aðgang að gæðum og tækifærum.

Alþjóðasamskipti og –samstarf borga um heim allan hafa tekið stakkaskiptum á undanförunum árum í takti við aukinn styrk þeirra og aðsteðjandi áskoranir. Í fræðunum hefur verið bent á aukin umsvif og áhrif borga og annarra lægri stjórnsýslustiga en ríkisvaldsins á þessu sviði og m.a. notuð hugtök á borð við sendierindrekstur borga (e. City Diplomacy) og samhliða sendierindrekstur lægri stjórnsýslustiga en ríkisvaldsins (e. Parallel Diplomacy eða „Paradiplomacy“).³ Í starfsemi, og meðal borgaranna sjálfra, verða áhrifin einkum sýnileg í stóruáætlun marghliða samstarfi borga um sameiginlega mótun stefnu og aðgerða, s.s. á sviðum loftslags- eða mannréttindamála, þar sem skipst er á upplýsingum um þekkingu, reynslu og starfshætti.

Samstarfið er stundum eingöngu borga á milli en oft er um að ræða samstarf á einhverjum skilgreindum vettvangi í tengslum við alþjóðastofnanir og/eða aðila og samtök sem getið hafa sér gott orð á vettvangi borgarþróunar. Dæmi um þetta er samstarf borga á vettvangi Evrópuráðsins, EFTA og Samningsins um evrópskt efnahagssvæði, Eurocities, Mennta- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO), Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og stofnunar Bloomberg fyrrum borgarstjóra New York. Samstarfsmengin skarast oft og ekki er óalgengt að

¹ <https://www.un.org/development/desa/publications/2018-revision-of-world-urbanization-prospects.html>

² <https://www.worldbank.org/en/topic/urbandevelopment/overview>

³ Sjá m.a. rannsókn Rogier van der Pluijm, City Diplomacy: The Expanding Role of Cities in International Politics, sem var gefin út við Netherlands Institute of International Relations árið 2007: https://www.uclg.org/sites/default/files/20070400_cdsp_paper_pluijm.pdf

stofnanir og samtök myndi sameiginlegar heildir um úrlausnarefnin. Eins getur verið um samkeppni milli aðila að ræða og unnið að sömu viðfangsefnum á fleiri en einum vettvangi. Hér gildir því sem í öðru, að greina viðfangsefnin vel, velja markvisst og vinsa úr.

2. Aukin umsvif Reykjavíkurborgar í ljósi hnattrænnar þróunar

Reykjavíkurborg hefur ekki farið varhluta af framangreindri þróun og má m.a. sjá þess stað í aðild borgarinnar að hinum ýmsu formlegu samtökum og verkefnum á alþjóðavettvangi.

Í yfirliti frá sumrinu 2003 sem tekið var saman í aðdraganda að gerð núverandi stefnu borgarinnar í erlendum samskiptum, en stefnan var samþykkt í borgarráði þann 5. febrúar 2005, má t.d. sjá að borgin á þá aðild að 22 formlegum samtökum, auk þess að eiga í ýmsu öðru samstarfi.⁴ Í yfirliti frá október 2013 má sjá að þessi tala hefur vaxið í 25.⁵ Í yfirliti verkefna frá hausti 2016, teknu saman af verkefnahópi um alþjóðamál sem var skipaður í tengslum við hagræðingarvinnu í stjórnsýslunni það ár, kemur fram að borgin eigi aðild að 33 formlegum samtökum, auk þess að taka þátt í ýmsu samstarfi og fjölda annarra verkefna.

Ekki eru til nýrri yfirlit en líklegt að talan hafi hækkað síðan 2016. Reykjavíkurborg hefur, svo dæmi séu tekin, nýlega gerst aðili að loftslagsverkefni í samvinnu við samtökin Climate-KIC.⁶ gengið til liðs við Rainbow Cities Network, tengslanet borga sem berjast á móti mismunun gegn hinsegin fólks, og OECD Champion Mayors for Inclusive Growth sem vinnur að auknum efnahagslegum vexti og berst um leið gegn misskiptingu lífsgæða.

Mörg af þeim samtökum sem að framan eru talin eiga við ákveðna málaflokka og verkefni þeim tengd eru vistuð á viðkomandi fagsviði eða skrifstofum í miðlægri stjórnsýslu. Önnur samtök og samstarf eiga við fleiri en einn málaflokk, fjalla jafnvel um starfsemi borga í heild sinni, eða eru tilfallandi. Þá getur verið hentugt að flokka þau eftir vettvangi. Hér er fjallað um norrænt samstarf, Evrópusamstarf og systra- og samstarfsborgir.

- **Norrænt samstarf**

Tengsl Reykjavíkurborgar við höfuðborgir hinna Norðurlandanna eiga sér langa sögu. Reykjavíkurborg á í ýmsum tvíhliða samskiptum við hinar höfuðborgirnar sem og aðrar borgir á Norðurlöndum en um þau samskipti eru ekki fastir rammar eða samningar og byggja tengslin miklu fremur á grunni sögulegra tengsla og nándar. Borgin tekur einnig þátt í marghliða samstarfi borganna á borð við Norrænu höfuðborgaráðstefnuna, sem haldin er annað hvert ár, og Vestnorræna höfuðborgarsjóðinn sem hittist einu sinni á ári og úthlutar styrkjum til samstarfsverkefna í Reykjavík, Nuuk og Tórshavn. Þá tekur borgin þátt í ýmsu samstarfi á vegum Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar og má þar nefna verkefni á borð við tengslanetið Nordic Safe Cities sem vinnur að öryggi borgaranna í víðu samhengi og tekst á við öfgahyggju og ofbeldi.

- **Evrópusamstarf**

Evrópusamstarf er snar þáttur í starfsemi Reykjavíkurborgar og hefur borgin um árabíl verið beinn þátttakandi í margskonar samstarfi og verkefnum, s.s. á Sveitarstjórnarvettvangi EFTA - Fríverslunarsamtaka Evrópu, á vettvangi Uppbyggingarsjóðs EES og Evrópusambandsins. Þá má nefna ýmis verkefni Evrópuráðsins og Sveitarstjórnarþings þess (The Congress of Local and Regional Authorities) en þingið hefur m.a. það hlutverk að gæta hagsmuna evrópskra sveitarfélaga gagnvart ríkisvaldi, á grundvelli Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga, og hafa fulltrúar þess komið hingað til lands í þeim tilgangi. Borgin er aðili að Sambandi íslenskra sveitarfélaga og vinnur náið með skrifstofu sambandsins að fyrrgreindum verkefnum en sambandið á líka aðild að Evrópusamtökum sveitarfélaga (CEMR). Reykjavíkurborg á enn fremur aðild að Evrópuborgum (Eurocities) sem er öflugt tengslanet 140 stærstu borga Evrópu, auk 45 samstarfsborga, sem saman telja um 130 milljón íbúa í 39 löndum. Eurocities vinna með ýmis verkefni á öllum helstu málefnasviðum borga og hafa einnig það hlutverk að gæta

⁴ Stefna Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum, febrúar 2005, bls. 7, ásamt fylgiskjöllum 2 og 3

⁵ https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/2013_-_listi_vfir_formleg_samtok.pdf

⁶ <https://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-5497>

hagsmuna þeirra gagnvart stofnunum Evrópusambandsins. Þá eru flestar af systra- og samstarfsborgum Reykjavíkur í Evrópu.

- **Systra- og samstarfsborgir**

Reykjavíkurborg hefur lengi átt í tvíhliða samskiptum við fjölda borga utan Norðurlanda og mun áfram eiga. Í einhverjum tilfellum hefur verið um tilfallandi einskiptis viðburði að ræða en gagnvart öðrum borgum hafa orðið til endurtekin samskipti á ýmsum sviðum. Hér má nefna borgir eins og Kingston-Upon-Hull, Philadelphia, Berlín, Barcelona, Beijing og Seoul. Þá hefur borgin gert formlega systraborgasamninga við fimm borgir en samskiptin við þær hafa verið mismikil. Ártöl samninga eru í svigum:

- Winnipeg, Kanada (1971)
- Seattle, Bandaríkin (1986)
- Vilnius, Litháen (2006)
- Moskva, Rússland (2007)
- Wrocław, Pólland (2017)

Auk framangreindra verkefna og samstarfsaðila á Reykjavíkurborg í virkum samskiptum við fjölda innlendra og erlendra aðila um alþjóðamál. Hér má nefna Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, m.a. um rekstur HÖFÐA Friðarseturs, Utanríkisráðuneytið og sendiráð og –fulltrúa Íslands erlendis, önnur ráðuneyti og stofnanir, sem og sendiskrifstofur erlendra ríkja gagnvart Íslandi.

3. Staðan könnuð árið 2016

Í vinnu verkefnahóps um alþjóðamál sem skipaður var í tengslum við hagræðingarvinnu í stjórnsýslunni árið 2016 var, auk áður nefndrar verkefnagreiningar, reynt að skýra hverjir sinntu alþjóðastarfi í einhverri mynd og mögulegan kostnað af alþjóðamálum. Könnunin gaf til kynna að um 50 starfsmenn í miðlægrri stjórnsýslu og miðlægt á fagsviðum fengjust, í einni eða annarri mynd, við alþjóðamál meðfram öðrum störfum sínum en aðeins alþjóðafulltrúi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara virtist vinna sérstaklega með alþjóðamál í fullu starfi. Það er mat undirritaðs að rýna þyrfti málaflokkinn miklu mun nánar til að gefa raunsanna heildarmynd af stöðu mála, s.s. er varðar ferðir, móttökur, launakostnað starfsfólks við umsýslu alþjóðamála o.fl.

Verkefnahópurinn gerði atlögu að greiningu á styrkleikum, veikleikum, ógnum og tækifærum í alþjóðastarfinu og byggði hana á reynslu starfsfólks sem vinnur með málaflokkinn. Eftirfarandi eru helstu atriði sem komu fram:

Styrkleikar

- Alþjóðasamskipti oft unnin af hugsjón og áhuga
- Þau auka og viðhalda þekkingu í borgarkerfinu
- Víkka sjóndeildarhring starfsfólks
- Gera Reykjavíkurborg að eftirsóknarðverðari vinnustað
- Stækka tengslanet og viðhalda (þekking, aðstoð o.fl.)
- Kveikja nýjar hugmyndir, nálganir, verkefni og tengsl
- Talsverð þekking til staðar í kerfinu

Veikleikar

- Skortur á stefnu, yfirsýn, samvinnu og samhæfingu
- Fáir alþjóðastarfsmenn skv. starfslýsingu og kerfislægt „minnistap“ vegna starfsmannaveltu
- Viðbragðsdrifin þjónusta – þarf að vera frumkvæðisdrifin og forvirkari
- Ávinningur oft óljós (óbeinn) – kostnaður skýrari (beinn)
- Alþjóðasamskipti oft unnin ómarkvisst, af veikum mætti af hugsjón og áhuga, „utan“ vinnutíma

Ógnir

- Skortur á trausti almennings á opinberum stofnunum
- Tortryggni og neikvæð ímynd og umfjöllun, sérstaklega um kostnað og „brúðl“
- Hækkandi verðlag, t.d. er varðar fargjöld, gistingu og eins vegna móttaka, ráðstefna og funda
- Afstaða ríkis og annarra innlendra samstarfsaðila til borgarinnar
- Afstaða alþjóðlegra samstarfsaðila til Íslands eða Reykjavíkurborgar (s.s. vegna umdeildrar stefnu, óróa eða sviptinga í stjórnarfari)

Tækifæri

- Endurskoða stefnu og starf
- Upplýsa markvisst um alþjóðasamstarf – innan og utan kerfis – m.a. um kostnað og ávinning
- Beita alþjóðasamstarfi markvissar með aukinni miðlægrri sérhæfingu, stoðþjónustu, upplýsingamiðlun og samhæfingu
- Setja á fót deild/teymi sem sér um alþjóðasamskipti og nýta betur núverandi starfsfólk
- Spara með því að samhæfa umsjón innkaupa v. ferða, móttaka o.fl.
- Starfsfólk fái aukin tækifæri til að sækja sér þekkingu og reynslu erlendis

Í framhaldi af vinnu sinni lagði verkefnahópurinn fram ýmsar tillögur til hagræðingar og eflingar í alþjóðastarfi, m.a. um að skoða hvort samræma megi innkaup vegna utanlandsferða og reyna að koma á betra samráði og samhæfingu um alþjóðamálin, þvert á borgarkerfið.

4. Samráðsvettvangur um alþjóðamál 2017

Í upphafi árs 2017 tók til starfa samráðsvettvangur um alþjóðamál Reykjavíkurborgar skv. erindisbréfi borgarstjóra í lok árs 2016.⁷ Hópurinn byggði á tillögum áður nefnds verkefnahóps og var skipaður til loka kjörtímabils. Í hópnum sátu fulltrúar skrifstofa í miðlægrri stjórnslu sem og fulltrúar fagsviða en alþjóðafulltrúa á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara falið að leiða hann. Hlutverk hópsins var m.a. að:

- skapa yfirsýn, styrkja forystu og auka frumkvæði á sviði alþjóðamála.
- stuðla að samræmdri og markvissri vinnu í málaflöknum þvert á borgarkerfið.
- efla miðlun upplýsinga og stuðla þannig að nýtingu og yfirfærslu þekkingar milli fagsviða og skrifstofa, auka sýnileika, og efla vitund fólks um hlutverk og mikilvægi málaflöksins.
- styðja við styrkjasókn og þátttöku Reykjavíkur í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Þá voru helstu verkefni hópsins skilgreind í erindisbréfinu:

- Kortlagning alþjóðasamskipta og verkefna á sviði alþjóðamála.
- Undirbúningur endurskoðunar á stefnu í málaflöknum.
- Kortlagning möguleika á styrkjum og gerð áætlunar um aukna styrkjasókn.
- Kostnaðarmat tillagna og ábyrgðarskipting þeirra.
- Önnur verkefni skv. ákvörðun borgarráðs eða borgarstjóra.

Hópurinn fundaði tvisvar á tímabilinu og ræddi alþjóðamálin í víðu samhengi. Talsverð umræða varð um vaxandi umfang ýmis konar heimsókna til borgarinnar, þ.m.t. þekkingarheimsókna, og utanumhald, skipulagningu og álag vegna þeirra. Var af mörgum talið brýnt að koma betri skikk á heimsóknamál og marka skýrari stefnu um heimsóknir til borgarinnar, m.a. m.t.t. yfirsýnar, utanumhalds, getu til að taka á móti fólki, ráðstöfun mannafla vegna heimsókna og hvernig borgin vildi kynna sig á þessum vettvangi.

Í mars 2017 var settur upp sameiginlegur vettvangur á Workplace-svæði Reykjavíkurborgar sem þá var verið að innleiða til reynslu og var hann hugsaður til að efla miðlun upplýsinga, auka sýnileika meðal starfsfólks og stuðla að betri yfirsýn þeirra starfsmanna sem fjalla um alþjóðamál. Tekin var sú ákvörðun að veita fleirum en þeim sem sátu á sjálfum samráðsvettvanginum aðgang að hópnum, einkum til að gera þeim sem áhuga hefðu á og væru að sinna alþjóðamálum í einhverri mynd kleift að fylgjast með og skapa þannig aukna meðvitund um málaflökinn. Inn á þennan vettvang hefur alþjóðafulltrúi á skrifstofu

⁷ https://reykjavik.is/sites/default/files/sbb_innri_hagraeding.pdf

borgarstjóra og borgarritara, ásamt öðru starfsfólki, miðlað upplýsingum um það sem framundan er og fréttum af þeim verkefnum sem eru í gangi.

Auk þessa hafa smátt og smátt verið byggð upp og birt yfirlit um verkefni að baki og verkefni framundan, gerð grein fyrir verkefnum eftir málaflokkum og samstarfsaðilum og, eftir föngum, ljósi varpað á sögulega þróun þeirra. Þessi yfirlit munu nýtast inn í frekari kortlagningu málaflokksins vegna vinnu við endurskoðun stefnu. Upplýsingamiðlun á vettvangi Workplace hefur mælst ágætlega fyrir og full ástæða til að halda áfram þróun hennar.

Hópurinn ræddi lítið um kortlagningu styrkja og aukna styrkjasókn enda var á þessum tíma ráðinn inn á skrifstofu þjónustu og reksturs sérfræðingur til að vinna með Snjallborgarverkefni borgarinnar, Magnús Yngvi Jósefsson. Hlutverk hans er að vinna að framtíðarsýn Reykjavíkur með áherslu á rannsóknir og alþjóðlegar styrkumsóknir og greinir hann og mátar stefnur borgarinnar við rannsóknartækifæri hérlendis og erlendis, þá helst rannsóknarsjóði Evrópusambandsins. Í gegnum þetta starf er Reykjavík orðin virkur þátttakandi í fjölda styrkumsókna í tengslaneti hagsmunaaðila um alla Evrópu sem eflist dag frá degi.

Samráðsvettvangurinn var eins og áður segir einungis skipaður til loka kjörtímabils 2014-2018 og hefur því formlega runnið sitt skeið. Undirritaður telur æskilegt að hafa viðlíka hóp starfandi á reglulegum grunni til framtíðar, formlega eða óformlega, skipaðan þeim fulltrúum sviða og skrifstofa sem helst sýsla með alþjóðamál í sínum störfum. Full þörf er á að hafa lifandi samtal um alþjóðamálin þvert á borgarkerfið og reynslan, bæði af verkefnahópnum frá 2016 og samráðsvettvanginum, er að mörgu leyti góð. Á slíkum vettvangi geta ýmis gæði orðið til, s.s. aukin samkennd og sterkari tilfinning fyrir liðsheildinni, samræming og samhæfing. Mælst er með að þetta verði skoðað í samhengi við endurskoðun stefnu.

5. Endurskoðun á stefnu Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum

Stefna Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum var, eins og áður segir, samþykkt í borgarráði þann 3. febrúar 2005. Hér að framan hafa verið rakin mörg þau atriða sem einnig eru ávörpuð í greinargerð og fylgiskjölum með stefnunni. Stefnan sjálf er þrjár síður. Hún hefst á leiðarljósi en ávarpar svo markmið og leiðir í þremur megin köflum. Fyrst er fjallað um alþjóðasamstarfið sjálft, tilgang þess og tilhögun, en það á að miða að því að bæta þjónustu, styrkja íbúalýðræði og gæta hagsmuna. Næst er fjallað um að styrkja ímynd og samkeppnishæfni og hvernig megi gera það. Í þriðja lagi er fjallað um að ákvarðanir verði skýrar og gegnsæjar og fylgi samþykktum verklagsreglum og leiðbeiningum.

Stefnan er að mörgu leyti ágæt, svo langt sem hún nær, og enn í dag vel hægt að tengja við og fallast á þann tilgang sem kemur fram í megin köflum hennar. Að mörgu öðru leyti er hún vegar barn síns tíma. Hún er þögn um mörg þau stefnumál og verkefni sem verið er að vinna í dag og er ekki tengd öðrum stefnum borgarinnar, sem þar að auki hafa margar verið uppfærðar. Þannig hefur hún að mörgu leyti misst tengslin við starfsemina og getur því veitt afar takmarkaða leiðsögn. Það er því full þörf á því að ráðast í endurskoðun. Hér að aftan er þetta nánar rætt út frá þeim megin atriðum sem fram koma í erindisbréfi um endurskoðun stefnunnar.

- **Hlutverk stýrihóps**

Hlutverk stýrihópsins er að leggja fram drög að endurskoðaðri stefnu Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum.

Verkefnið er afar brýnt. Núverandi stefna er eins og áður segir komin til ára sinna og endurspeglar að takmörkuðu leyti þann veruleika sem Reykjavíkurborg býr við í alþjóðlegu samstarfi í nútímanum. Umfang verkefna hefur aukist, ný verkefni bæst við og önnur mögulega horfið út. Þá hafa umhverfi og viðmið í alþjóðastjórnámálum breyst mikið frá því fyrir 13 árum, sem og umgjörðin um samstarf borga. Nýjar áskoranir og úrlausnarefni knýja dyra.

- **Helstu verkefni**

Að yfirfara níverandi stefnu Reykjavíkurborgar, greina helstu þemu sem lögð verði áhersla á, og leggja fram drög að endurskoðaðri stefnu sem ávarpi skýrt helstu áskoranir, markmið og tækifæri í alþjóðastarfi borgarinnar.

Hér gefst færi á að setja fram helstu áherslur í starfinu og skilgreina hvernig unnið er með þær, t.d. út frá málaflokkum (umhverfi, menning, menntun o.s.frv.) og þeim vettvangi sem unnið er með þær á (Norrænt samstarf, Evrópusamstarf, Sameinuðu þjóðirnar o.s.frv.). Hér gefst líka færi á því að skýra helstu áskoranir, skerpa markmið og greina tækifærin í alþjóðastarfi borgarinnar.

Kanna tilhögun, umfang og eðli verkefna er varða móttöku erlendra gesta og ferða utanlands og gera tillögur að bættu fyrirkomulagi.

Það er mat undirritaðs að sú nálgun að skoða alþjóðasamskiptin út frá heimsóknum hingað heim og ferðum út, geti auðveldað að ná utan um málaflokkinn, gert hann sýnilegri og áþreifanlegri. Er þetta ekki síst vegna þess að þessar breytur eru snar þáttur í öllu alþjóðastarfi borgarinnar og bjóða mögulega upp á ýmis sóknarfæri er varðar samræmingu og samhæfingu, utanumhald, bætt gæði og hagræðingu. Hér væri hægt að skoða tilhögun og verklag og setja fram, í framhaldi af stefnu, tillögur um úrbætur.

- **Til ráðgjafar og samstarfs**

Stýrihópurinn leiti ráðgjafar hjá aðilum innan og utan borgarkerfis með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Mælt er með því að leitað verði ráðgjafar sem víðast til að laða fram sem fjölbreyttust viðhorf og ýta undir gagnrýna og ítarlega skoðun.

Til að tryggja yfirsýn og greina starfsemina er mælt með með því að innan borgarkerfisins verði kallaðir til eftir þörfum þeir starfsmenn sem helst vinna með alþjóðaverkefni – þvert á skrifstofur og svið. Haga mætti vinnuferlinu með þetta í huga.

Fyrirmynda að alþjóðastefnu væri nærtækt að leita í smiðju þeirra borga sem líkjast Reykjavíkurborg að uppbyggingu, umfangi og eðli verkefna, og stærð og afkastagetu stjórnsýslu. Grannborgir á Norðurlöndum koma upp í hugann, ekki síst vegna líkinda og þeirrar staðreyndar að tiltölulega greiður aðgangur er að þeim vegna nánna tengsla og samstarfs í nútíð og fortíð. Sjálfsagt er að skoða fleiri borgir austan hafs og vestan og gæti verið áhugavert að horfa til borga á borð við Edinborg í Skotlandi og eins höfuðborga smærri ríkja, s.s. Eistlands, Lettlands og Litháen, Möltu og Kýpur. Þá mætti horfa til þeirra systraborga sem eru í virku samtali við Reykjavíkurborg, þ.e. Seattle í Bandaríkjunum, Vilnius í Litháen, Winnipeg í Kanada og Wrocław í Póllandi.

Af öðrum aðilum má t.d. nefna stofnanir sem Reykjavíkurborg á í góðu samstarfi og tengslum við, s.s. sendiráð, Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Utanríkisráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Eurocities.


Hilmar Hildar Magnússon
alþjóðafulltrúi